

## **Undirbúningur fyrirtækja fyrir REACH**

Kanna stöðu fyrirtækisins gagnvart REACH

Gerðar eru kröfur til framleiðenda, innflytjenda, dreifingaraðila og notenda neðar í framleiðslukeðju. Sama fyrirtæki getur haft mismunandi hlutverk vegna ólíkra efna.

Kortleggja áhrif REACH á fyrirtækið

Hvaða vörur og efnablöndur eru framleiddar og fluttar inn, hvaða efni eru í þeim, í hvaða magni eru þau framleidd eða flutt inn á ári hvaða efni þarf að skrá og hver þurfa leyfi, hvert er notkunarviðið, hverjir eru birgjar og hverjir eru viðskiptavinir neðar í framleiðslukeðju og þarf að skipta út efnum?

Skipuleggja undirbúning

Athuga möguleika á sameiginlegri skráningu, finna hvaða upplýsingar um hættueiginleika eru aðgengilegar, meta hvort hægt er að skipta út sérlega hættulegum efnum, velja ábyrgðaraðila fyrir REACH í fyrirtækinu, meta hvort þekking sé til staðar í fyrirtækinu til að framkvæma þá vinnu sem þarf.

Áætla kostnað fyrirtækisins vegna REACH

Beinn kostnaður fyrirtækisins vegna skráninga, rannsókna og utanumhald. Óbeinn kostnaður vegna efna sem hverfa af markaði og nýrra krafna um aukinn viðbúnað á vinnustöðum.

Meta hvort löggjöfin leiðir til breytinga í fyrirtækinu eða greininni

Breytingar í fjölda ársverka, færsla framleiðslu milli landa, samruni eða lokun fyrirtækja, efni sem hverfa af markaði, áhrif á samkeppnisstöðu bæði innan og utan Evrópu.

**Hvaða áhrif hefur REACH á framleiðendur og innflytjendur**

Gátlisti		Athugasemdir
<b>Starfs-einingar</b>	Hvaða einingar í fyrirtækinu sinna framleiðslu eða innflutningi?	Á við um fyrirtæki sem framleiða vörur á fleiri en einum stað.
<b>Listi yfir vörur og efni</b>	Hvaða vörur eru framleiddar eða fluttar inn ?	Með vörum er átt við efni, efnablöndur og hluti.
	Hvaða efni eru í vörunum sem eru framleiddar eða fluttar inn?	Tiltaka einnig efni í hlutum. Athuga að ef efnin fara úr vörunni við notkun eru þau skráningarskyld. Tilgreina CAS-númer allra efna.
	Í hvaða magni eru efnin framleidd eða flutt inn á ári ?	
	Hver af efnunum, sem eru framleidd eða flutt inn, þarf að skrá ?	Skrá þarf öll efni sem hver framleiðandi eða innflytjandi framleiðir eða flytur inn í magni >1 tonn á ári.  Ganga úr skugga um hvort einhver milliefni eða efni í hlutum þarf að skrá og hvort einhver efnanna eru undanþegin skráningu.
	Þarf að sækja um leyfi fyrir notkun einhverra efna ?	Leyfi þarf fyrir efni með sérlega hættulega eiginleika.
<b>Listi yfir viðskiptavini (aðila neðar í framleiðslukæðju)</b>	Hverjir eru viðskiptavinir og hvar eru þeir ?	
	Hver eru notkunarsvið viðskiptavina fyrir öll efni sem fyrirtækið afhendir ?	Hafa samband við viðskiptavini til að ákvarða öll notkunarsvið.

**Hvaða áhrif hefur REACH á aðila neðar í framleiðslukeðju**

Gátlisti		Athugasemdir
<b>Listi yfir innkaup á hráefnum</b> <sup>1)</sup>	Hvaða hráefni eru keypt inn ?	Gera yfirlit yfir innflutning frá EES svæðinu (að undanteknum innflutningi sem er eingöngu til dreifingar)
	Hvert er innihald hráefna sem keypt eru inn ?	Tilgreina CAS-númer allra efna.
	Í hvaða magni eru öll efni sem eru keypt inn?	
	Hvert er notkunarsvið allra efna sem keypt eru inn?	Tilkynna skal birgjum um öll notkunarsvið allra efna.
	Fyrir hvaða efni þarf leyfi?	Leyfi þarf fyrir efni með sérlega hættulega eiginleika.
<b>Listi yfir birgja</b>	Hverjir eru birgjar og hvar eru þeir ?	
	Er hættu á að missa einhverja birgja og hráefni ?	Kanna hvort birgjar þekkja til REACH; athuga hvort tryggt er að efni verði skráð og framleiðslu þeirra haldið áfram.

<sup>1)</sup> Hráefni eru öll efni og efnablöndur, þ.m.t. hjálparefni sem notuð eru í framleiðslu eða sem innihaldsefni í framleiðsluvörur.

**Hvernig geta framleiðandi og innflytjandi undirbúið gildistöku REACH**

Gátlisti			Athugasemdir
<b>Skráning</b>	Athuga möguleika á að skrá sameiginlega með öðrum framleiðendum eða innflytjendum	Finna aðra framleiðendur efna sem þurfa að skrá þau.	Allir framleiðendur og innflytjendur, sem hafa forskráð sama efni, eiga að starfa saman í SIEF (Substance Information Exchange Forum)
<b>Upplýsingar</b>	Kanna hvaða upplýsingar eru aðgengilegar um efni sem á að skrá ; bæði um hættueiginleika og áhrif sem efni hafa á fólk og umhverfi.	Greina hvar vantar upplýsingar.  Skrá hvaða efnaálag kemur fyrir í vinnuumhverfi og ytra umhverfi - Við framleiðslu - Við notkun í atvinnuskyni - Hjá almennum neytendum - Við förgun	Nokkrar mikilvægar upplýsingaveitur um efni: ? Efnalisti í rg. 236/1990 ? Öryggisblöð ? Gagnagrunnar á Netinu ? Fræðigreinar ? Eigin gögn  Muna að eigin upplýsingar er hægt að leggja fram í skráningarhóp gegn umbun
	Undirbúa vinnuna með því að útbúa skráningargögn og öryggisskýrslu (CSR).	Meta hvort þekking er til í fyrirtækinu eða hvort nota þarf aðkeypta þjónustu.	
<b>Leyfisveiting</b>	Meta hvort hægt er að skipta út sérlega hættulegum efnunum.	Meta hvort fyrirtækið hefur þekkingu til að vinna þau gögn sem þarf til að sækja um leyfi, eða hvort leita skuli til ráðgjafa.	
<b>Framkvæmd og stjórnun</b>	Velja ábyrgðaraðila fyrir REACH í fyrirtækinu.  Meta þörf á að breyta eða bæta við verkferlum.	? Stjórnun og ábyrgð á skráningum og leyfisumsóknum ? Hættuflokkun og -merking ? Öryggisblöð ? Gæðakerfi ? Vistun allra gagna sem tekið er við og/ eða send út	Muna að allar upplýsingar sem berast eftir framleiðslukeðju og til Efnastofnunar á að uppfæra og tilkynna þegar nýjar upplýsingar liggja fyrir.

**Hvernig aðili neðar í framleiðslukeðju getur undirbúið gildistöku REACH**

Gátlisti		Athugasemdir
<b>Notkun efna</b>	Skrá hvaða efni geta valdið álagi í vinnuumhverfi og ytra umhverfi. Athuga þarf öll efni sem notuð eru.	Þessar upplýsingar skal tilkynna birgja og þær eru grunnur að öryggisskýrslu (CSR) sem framleiðandi eða innflytjandi útbýr.
<b>Öryggismat og öryggisskýrsla (CSR)</b>	Meta hvort þekking er í fyrirtækinu eða hvort nota þarf aðkeypta þjónustu.	Á bara við ef notandi kys að gefa birgja ekki upplýsingar um notkun sína.
<b>Hættuflokkun- og merking</b>	Meta hvort þekking er í fyrirtækinu eða hvort nota þarf aðkeypta þjónustu. Á bara við ef notandi kys að gefa birgja ekki upplýsingar um notkun sína.	Notandi neðar í framleiðslukeðju skal tilkynna Efnastofnun ef hans eigin hættuflokkun er ólík þeirri sem birgir gefur upp í öryggisblöðum.
<b>Leyfi</b>	Meta hvort hægt er að skipta út efnum sem eru sérlega hættuleg.	
<b>Framkvæmd og stjórnun</b>	Velja ábyrgðaraðila fyrir REACH í fyrirtækinu.  Meta þörf á að breyta eða bæta við verkferlum: ? Upplýsingaflæði, bæði ofar og neðar í framleiðslukeðju ? Umsóknir um leyfi fyrir notkun sérlega hættulegra efna ? Hættuflokkun og –merking ? Öryggisblöð ? Gæðakerfi ? Vistun allra gagna sem tekið er við og/ eða send út	Muna að allar upplýsingar sem berast eftir framleiðslukeðju og til Efnastofnunar á að uppfæra og tilkynna þegar nýjar upplýsingar liggja fyrir.